

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Sjávarborg 14-16, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 27. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulag við Sjávarborg 14-16 í Vogum. Tillagan gerir ráð fyrir heimild til að stækka hluta byggingarreits um 7,5 x 3,5 m og 5 x 1 m til vesturs og færa til bílastæði á lóð nr. 14 að suðurhluta lóðar. Að öðru leyti gilda áfram sömu skilmálar. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Vogum, 8. september 2025.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 22. september 2025